

Fundargerð samráðsfundar

ríkis og sveitarfélaga 2011

Árið 2011, miðvikudaginn 5. október kl. 9:30 var haldinn samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga í húskynnum Sambands íslenskra sveitarfélaga að Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu af hálfu ríkisins: Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytisins, Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins; frá innanríkisráðuneyti Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri, Elín Pálsdóttir, forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Einar Árnason ráðgjafi, Jóhannes Finnur Halldórsson, sérfræðingur og ritari Jónsmessunefndar og Jóhannes Tómasson fjölmiðlafulltrúi; frá fjármálaráðuneyti Gunnar Björnsson skrifstofustjóri, Sigurður Guðmundsson sérfræðingur, Ingvar H. Ragnarsson sérfræðingur og Huginn Freyr Þorsteinsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra.

Af hálfu sambandsins sátu fundinn: Halldór Halldórsson formaður, Karl Björnsson framkvæmdastjóri, stjórnarmennirnir Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Gunnlaugur Stefánsson, Jórunn Einarsdóttir og Óttar Ólafur Proppé og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundinum stýrði Halldór Halldórsson, formaður sambandsins.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ávarp formanns sambandsins

Formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna í húskynni sambandsins. Hann sagði að forystumenn sambandsins væru í flestu sáttir með samstarfið við ríkisstjórnina – það skipti máli að aðilar töluðu saman, en það væri ekki alltaf ánægja með niðurstöðuna. Endanlega valdið lægi hjá ríkisstjórn og Alþingi.

Halldór lýsti mikilvægi svokallaðrar Jónsmessunefndar, sem nú væri búð að lögfesta í samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, og er vettvangur fyrir reglulega umfjöllun um samskiptamál þessara tveggja stjórnsýslustiga. Hann lagði áherslu á að á þeim vettvangi yrðu málin rædd og komist að niðurstöðu um þau mál sem ágreiningur væri um.

Formaður sambandsins ræddi um ný sveitarstjórnarlög sem hann fagnaði. Hann fjallaði um mikilvægi fjármálareglna og minnti á að frumkvæði að gerð þeirra hefði ekki síst komið frá sambandinu. Þá ræddi hann einnig aukið lýðræði í sveitarfélögunum, en X. kafli nýrra sveitarstjórnarlaga er helgaður samráði við íbúa.

Formaðurinn lagði síðan fram stefnumörkun sambandsins 2011–2014 og gerði nánari grein fyrir henni.

2. Ávarp innanríkisráðherra

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra ræddi ný sveitarstjórnarlög sem hann sagði gott dæmi um samstarf ríkis og sveitarfélaga. Nýmæli væru ákvæði um möguleika íbúa til að óska eftir kosningum með ákveðnum skilyrðum og sveitarstjórnir gætu

einnig sett frekari skilyrði. Þá sagði hann framundan ýmsa vinnu við að innleiða ákvæði laganna sem kalli á samstarf við sveitarfélögin t.d. varðandi fjármál, stjórnisýslu og lýðræðismál. Einnig minnti ráðherra á mikilvægi þess að efla áfram sveitarstjórnarstigið með sameiningum án valdboðs og frekari flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

3. Ávarp fjármálaráðherra

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lagði fram skýrslu um áætlun í ríkisfjármálum 2012–2015 og reifaði helstu forsendur frumvarps til fjárlaga 2012 og sýndi skýringarmyndir máli sínu til stuðnings.

Ingvar H. Ragnarsson, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu, lagði fram upplýsingar um skuldir sveitarfélaga í erlendri mynt og gerði nánari grein fyrir þeim.

4. Greinargerð frá samráðsnefnd um efnahagsmál

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu um störf samráðsnefndar um efnahagsmál frá síðasta samráðsfundi.

5. Greinargerð frá samráðsnefnd um kjaramál

Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu um störf samráðsnefndar um kjaramál frá síðasta samráðsfundi.

Umræður um dagskrárliði 1 til 5

Til máls tóku Dagur B. Eggertsson, Gunnlaugur Stefánsson, Halldór Halldórsson, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson. Ræddu þeir stoðkerfi ríkis og sveitarfélaga og sameiginlegar starfsstöðvar hins opinbera vítt og breitt um landið, sjúkrahúsnetið og lækun fjárfestinga til þeirra, tekjur sveitarfélaga og skuldir þeirra, erfiða fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga o.fl.

6. Vætanleg ný lögjöf og reglur sem snerta sveitarfélögin

Lögð var fram á fundinum þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar 2011–2012 um þau mál sem ríkisstjórnin hyggst leggja fram á yfirstandandi þingi.

Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, greindi frá lagafrumvörpum sem leggja á fyrir Alþingi og snerta sveitarfélög. Stefnt væri að endurskipulagningu sýslumanns- og lögregluembættu og fækkun þeirra. Í því sambandi varpaði innanríkisráðherra því fram, að áhugavert væri að ræða þjónustuhlutverk ríkis og sveitarfélaga í landshlutunum og hugsanlegt samstarf í þeim efnum.

Einnig minnti innanríkisráðherra á fyrirhugaða endurskipulagningu samgöngu- stofnana, frumvörp um persónukjör til sveitarstjórna og Alþingis og sagði að ríki og sveitarfélög yrðu að vera samstiga um það. Frumvarp um breytingar á tekjustofnalögum sveitarfélaga væri í bígerð á grundvelli tillagna tekjustofnanefndar og yrði unnið í samráði við sveitarfélögin og samgönguáætlun yrði lögð fyrir Alþingi á næstu vikum.

Fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, sagði ákvæði í nýjum sveitarstjórnarlögum um formlegt samráð og samstarf ríkis og sveitarfélaga gríðarlega þýðingarmikið fyrir sveitarfélögin.

Fjármálaráðherra nefndi síðan frumvarp til nýrra heildarlaga um jöfnun flutningskostnaðar, sem efnahags- og viðskiptaráðherra mun leggja fram á

haustþingi. Markmið með frumvarpinu er að koma á flutningsjöfnunarkerfi sem styður við framleiðsluþæðnað og atvinnuuppbyggingu á svæðum sem búa fjarri meginmarkaði og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar.

Þá tilgreindi fjármálaráðherra frumvarp, sem mennta- og menningarmálaráðherra hyggst leggja fram á vorþingi, um tónlistarfræðslu þar sem kveðið verði á um skipan tónlistarfræðslu og um samskipti ríkis og sveitarfélaga í þeim málum.

Að auki tóku til máls undir þessum lið Karl Björnsson, Guðjón Bragason og Jórunn Einarsdóttir. Lögð var áhersla á að sambandinu verði tímanlega gert viðvart þegar áform eru uppi um breytingar á lögum eða reglum sem snerta sveitarfélögin. Var sérstaklega óskað eftir samstarfi um efni frumvarps til laga um opinber innkaup.

Þá upplýsti fjármálaráðherra um að starfshópur sem vinnur að endurskoðun skattkerfisins haldi sinni vinnu áfram í vetur. Af hálfu sveitarfélaganna er lögð áhersla á að greinargerð sambandsins um virðisaukaskattsumhverfi sveitarfélaga fái umfjöllun í starfshópnum.

7. Óskir sveitarfélaga um breytingar á lögum og reglum

Formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, ræddi svokallað aukaframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og mikilvægi þess fyrir sveitarfélög í fjárhagsvanda. Formaðurinn lagði fram yfirlit um aukaframlagið frá því það var tekið upp 1999. Á fjárlögum ársins 2011 er gert ráð fyrir 700 m.kr. aukaframlagi, en áform eru uppi um að skerða þá fjárveitingu um 300 m.kr. og veita til eins einstaks sveitarfélags sem er í mikilli fjárþröng. Sambandið óskar eftir því að samþykkt verði 200 m.kr. aukafjárveiting á fjáráukalögum 2011 til að koma til móts við þá skerðingu gagnvart öðrum sveitarfélögum í fjárþröng.

Halldór lagði áherslu á að líta bæri á aukaframlagið sem hluta af tekjustofnum sveitarfélaga og festa verði sérstakt 1.200 m.kr. framlag ríkisins til jöfnunarsjóðs og því verði varið árlega til illra staddra sveitarfélaga, sbr. lið 3.2.11 í stefnumörkun sambandsins. Hann ræddi einnig liði 3.2.7 og 3.2.9 í stefnumörkun sambandsins um hækkun hámarksútsvars og uppstokkun á jöfnunarframlögum jöfnunarsjóðs.

Formaðurinn fjallaði síðan um lengingu bótatímabils atvinnuleysisbóta í 4 ár.

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, fjallaði um nauðsyn þess að skipuð verði nefnd til að endurskoða vegalög með hliðsjón af markmiðum skipulagslaga og við þá vinnu verði lögð áhersla á að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögum, sbr. lið 3.13.2 í stefnumörkun sambandsins.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, gerði að umtalsefni liði 3.2.5 og 3.2.6 í stefnumörkun sambandsins um hlutdeild sveitarfélaga í sköttum og gjöldum af umferð í þéttbýli, umhverfissköttum, kolefnisgjaldi og hlutdeild í skattlagningu fyrirtækja og arðgreiðslum til eigenda þeirra. Óskaði hann eftir viðræðum milli ríkis og sveitarfélaga um framangreind atriði.

Til máls tóku einnig innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, og fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon.

Innanríkisráðherra ræddi um samspil vegalaga og skipulagslaga, aukaframlag, fjárhagsstöðu sveitarfélaga og lánshæfismat þeirra. Hann reifaði hugmyndir um stofnun sérstaks „viðlagasjóðs“ sveitarfélaga sem hægt væri að grípa til þegar sveitarfélög lentu í fjárþröng.

Fjármálaráðherra sagði ríkið hafa stutt og styrkt fjárhagsstöðu sveitarfélaga með ýmsum aðgerðum á undanförunum árum. Aukaframlag ársins 2011 hefði verið eyrnamerkt sveitarfélögum í verulega erfiðri fjárhagslegri stöðu. Hann lagði áherslu á að aukaframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga væri ólögbindið og hvatti til þess að menn afgreiddu úthlutun þessa árs sem fyrst. Að lokum tók hann undir hugmyndir um stofnun „viðlagasjóðs“ sveitarfélaga.

8. Verkefni samstarfsnefndar vegna nýrra sveitarstjórnarlaga

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, lagði fram minnisblað um verkefni sem tengjast innleiðingu nýrra sveitarstjórnarlaga og vinna þarf að á næstu vikum. Hann lagði áherslu á að menn einbeittu sér að þessu verkefni fram að gildistöku laganna um næstu áramót.

Guðjón vakti athygli á ákvæðum nýju sveitarstjórnarlaganna um kostnaðarmat lagafrumvarpa. Það þyrfti að áréttu breytinguna við ráðuneyti og kynna málið fyrir formönnum þingnefnda á Alþingi. Skilgreina þarf einnig hvenær skylda til kostnaðarmats er til staðar. Ákveðið var að fela Jónsmessunefnd/samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga það verkefni.

Guðjón Bragason nefndi einnig nauðsyn þess að samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga yrði endurskoðaður miðað við ný sveitarstjórnarlög. Ákveðið var að fela Jónsmessunefnd einnig það verkefni og stefna að undirritun nýs sáttmála fyrir gildistöku laganna.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fjallaði um þátt sveitarfélaganna í afkomubata hins opinbera og að nauðsynlegt væri að ríki og sveitarfélög hefðu með sér öflugt samstarf í þeim efnum.

Til máls tóku Karl Björnsson og Dagur B. Eggertsson.

9. Undirritun samkomulags um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Að loknum fundarstörfum undirrituðu formaður og framkvæmdastjóri sambandsins, innanríkisráðherra og fjármálaráðherra samkomulag um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Samkomulagið er gert í tengslum við samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, sem undirritað var 13. maí 2011 af forsætisráðherra, innanríkisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, fjármálaráðherra og formanni og varaformanni sambandsins.

10. Fundarlok

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, þakkaði fundarmönnum fyrir fundarsetuna og þær hreinskiptu umræður sem fóru fram á fundinum. Hann hvatti til þess að nýr samstarfssáttmáli, sem taki mið af nýjum sveitarstjórnarlögum, verði gerður og undirritaður fyrir áramót.

Halldór sleit síðan fundi kl. 12:45.